

Hverfisnefnd Oddeyrar

33. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í Oddeyrarskóla þriðjudaginn 26. júní 2007 kl. 17:00, mætt voru Auður, Jónsi, Begga og Erlendur, gestur fundarins var Þórarinn Blöndal

1. Þórarinn Blöndal kynnti starfsemi sína á Eiðisvelli, þar sem hann rekur Gallerí Róló. Hann leigir húsnæðið sem eins konar vinnustofu en er með námskeið fyrir börn og dagmömmurnar hafa aðstöðu hjá honum. Hann vill fá hverfisnefndina í samstarf um að halda Oddeyrarhátíð á Eiðisvellinum.
2. Fundarmenn tóku vel í þær hugmyndir, ákveðið að Þórarinn myndi sækja um styrki í okkar nafni líka og að nefndin myndi gefa út fréttabréf sem væri um leið auglýsing fyrir hátíðina, sem stefnt er að 21. júlí. Foreldrafélagið hafði haft samband við nefndina um að við tækjum þátt í hausthátíð skólans og ekki þótti ástæða til að líta á þessa tvo atburði í samkeppni hvor við annan.
3. Mikilvægt fyrir nefndina að kynna sig og koma út fréttabréf í sumar.

Fundi slitið og fleira ekki rætt